

Unlocking Hidden Heritage

Arfleifðin afhjúpuð

Fornleifaskráning og torfhleðsla –
námskeiðslýsing

Inngangur

Frá upphafi árs 2007 til júniloka 2009 var Byggðasafn Árnesinga einn sex samstarfsaðila að verkefni sem hlaut Leonardo-styrk frá Evrópusambandinu. Verkefnið gekk undir nafninu *Unlocking Hidden Heritage* eða *Arfleifðin afhjúpuð* eins og það var kallað á íslensku.

Megintilgangur með verkefninu var að vekja athygli á þeim mikla auði sem felst í menningararfi þáttökulandanna sex: Íslandi, Þýskalandi, Slóvakíu, Kýpur, Írlandi og Englandi. Sérstaklega var sjónum beint að forni verkþekkingu og handbragði sem hætt er við að glatist í nútímasamfélagi. Með þetta að leiðarljósi var lögð áhersla á eftirtalin atriði:

- 1) Fá almenning til að taka þátt í viðfangsefnum sem tengjast verkefninu, sérstaklega fólk á landsbyggðinni og ekki síst konur og ungt fólk.
- 2) Kynna fornleifafraeði og fornleifaskráningu fyrir almenningi.
- 3) Halda vinnusmiðjur sem tengjast verkþekkingu sem á undir högg að sækja.
- 4) Nýta byggingarefni og annað hráefni á sjálfbæran hátt.
- 5) Kenna handverk og vinnubrögð sem eru á undanhaldi.
- 6) Endurgera eða lagfæra byggingu eða annað þar sem fornri verkunnáttu er beitt.
- 7) Safna upplýsingum um og kynna menningararfinn.

Til að unnt sé að varðveita hverfandi handverk fyrir komandi kynslóðir er nauðsynlegt að þeir sem enn kunna það miðli af þekkingu sinni og safnað sé heimilda um verklag og efnivið. Til að leggja lóð á þær vogarskálar voru haldin námskeið í löndunum sex þar sem þátttakendur kynntust ákveðnum þáttum í verkmenningu landanna. Sagt er frá þessum námskeiðum í bók sem gefin var út í tengslum við verkefnið, *Unlocking Hidden Heritage. Discovering the treasures in our cultural landscape*. Bókina má nálgast hjá Byggðasafni Árnesinga auk þess sem bókin er aðgengileg á heimasíðu verkefnisins (<http://www.grampushheritage.co.uk/UHH%20News%20Page.htm>).

Auk þess sömdu allir samstarfsaðilar verkefnisins námskeiðslýsingu í þeim tilgangi að auðvelda þeim sem halda vilja námskeið til að viðhalda fornu handverki undirbúning þess og skipulag.

Hlutur Byggðasafns Árnesinga í verkefninu *Arfleifðin afhjúpuð* var meðal annars að halda námskeið í torfhleðslu. Það viðfangsefni varð fyrir valinu vegna þess mikilvæga sess sem torfíð skipar í byggingatækni Íslendinga frá upphafi byggðar í landinu og hversu sú verktækni sem henni tengist á undir högg að sækja í nútímasamfélagi því í

raun eru aðeins örfáir aðilar á Íslandi sem færir eru um að byggja úr torfi og kenna þau vinnubrögð sem því fylgir.

Sú námskeiðslýsing sem hér fer á eftir er því hluti af verkefninu *Arfleifðin afhjúpuð* og unnin með hliðsjón af þeirri reynslu sem þátttaka í verkefninu veitti, annars vegar með þátttöku í námskeiðum samstarfsaðila Bygðasafns Árnesinga í hinum þátttöku-löndunum og hins vegar torfhleðslunámskeiðinu sem fram fór á Tyrfingsstöðum í Skagafirði. Það var haldið í samvinnu við Fornverkaskólann, sem er samstarfsverkefni Fjölbautaskóla Norðurlands vestra, Bygðasafns Skagfirðinga og Hólaskóla - Háskólans á Hólum um kennslu handverks sem tengist byggingararfi Íslendinga. Fornverkaskólinn heldur stutt námskeið í ýmsum handverksaðferðum sem tengjast einkum byggingararfi okkar, en getur einnig tekið til fleiri „fornverka“. Meginmarkmið skólans eru að bjóða kennslu í vinnubrögðum og verklagi í hefðbundnu íslensku byggingarhandverki og eru viðfangsefnin:

1. Torf sem byggingarefni, eðli þess og notkun, torfhleðsla. Verkfæri og gerð þeirra.
2. Grjót og grjóthleðslur.
3. Timbur; öflun þess og nýting fyrir á öldum, verkfæri og vinnubrögð við húsasmíði í íslensku bændasamfélagi.
4. Járn; eldsmíði járn til heimilishalds og húsbygginga.

Námskeiðslýsing

Lýsing:

Námskeiðið skiptist í tvo hluta, fornleifaskráningu og torfhleðslu. Hvor hluti um sig hefst með fyrirlestrum og síðan fer fram verkleg þjálfun.

Ekki er eiginlegt námsmat í námskeiðinu, en gert ráð fyrir að nemendur skili verkefni í formi fornleifaskráningar, sem kennari fer yfir og skilar hverjum nemanda til baka með athugasemdum. Auk þess verður í lok námskeiðsins einn sameiginlegur fundur þar sem efni námskeiðsins verður tekið saman og það rætt.

Vel er hægt að hugsa sér að ef kenna á námskeiðið til eininga verði verkefni tengt námsefninu gert að skilyrði.

Markmið:

Námskeiðinu er ætlað að auka skilning nemenda á gildi menningarlandlags á Íslandi í sem víðustu samhengi og þróun þess í sögulegu og menningarlegu tilliti. Til þess þarf hann að þekkja einkenni þess, þróun, sögu og hvernig best er að standa að varðveislu þess. Leitast verður við að gera nemendur færa um að miðla af þekkingu sinni og leggja þannig sitt að mörkum til að varðveita þann auð sem felst í búsetuminjum og því handverki sem þeim tengist.

Nemendur:

Námskeiðið er ætlað öllum þeim sem áhuga hafa á menningararfi Íslendinga og áhugafólki um varðveislu handverkshefða, t.d. þeim sem sinna minjavörslu og starfa við menningartengda ferðapjónstu, starfsfólki safna, staðarvörðum, landeigendum og ábúendum jarða auk nemenda í fornleifafræði, safnafræði, þjóðfræði, ferðamálafræði, menningarmiðlun, menningarfræði, auðlindafræði og öðrum skyldum greinum.

Kennarar:

Gert er ráð fyrir að kennarar námskeiðsins hafi bæði víðtæka reynslu af fornleifaskráningu (helst fornleifafræðingur eða einstaklingur með aðra menntun sem nýtist vel) og séu vel að sér í byggingasögu landsins og hafi mikla þjálfun í þeirri verktækni sem notuð er við byggingu torfhúsa. Ekki er víst að einn og sami kennarinn geti sinnt allri kennslu í námskeiðinu.

Fornleifaskráning

Lýsing:

Námskeiðið hefst á 7 fyrirlestrum þar sem gerð er grein fyrir löggjöf um fornminjar, tilgangi fornleifaskráningar, sögu fornleifaskráningar á Íslandi, íslenskri löggjöf um fornleifaskráningu og þeirri aðferðafræði sem beitt er við fornleifaskráningu. Hver kennslustund er 60 mínútur, þ.e. oftast 40 mín. fyrirlestur og 20 mín. umræður að honum loknum. Einni kennslustund er þó skipt í 20 mín. fyrirlestur og 40 mín. verklega þjálfun í notkun korta og loftmynda. Gert er ráð fyrir nemendur hafi kynnt sér tilgreint

lesefni fyrir hverja kennslustund og taki þátt í umræðum að fyrirlestri loknum. Með hverjum fyrirlestri eru gerðar tillögur að lesefni, en vakin er athygli á því að margvíslegt annað efni kemur til greina, bæði í stað þess sem nefnt er og til viðbótar við það.

Að loknum fyrirlesturum verður farið í tvær vettvangsferðir þar sem nemendum verður bent á rústir og aðrar minjar og þeir spreyta sig á að skrá minjarnar með viðurkenndum aðferðum.

Að þessum hluta námskeiðsins loknum á nemandi að

- vita hvað telst til fornminja
- þekkja löggjöf um fornleifavernd og friðlýstar fornminjar á Íslandi
- gera sér grein fyrir mikilvægi fornleifaskráningar
- vita hvenær nauðsynlegt er að fornleifaskráning fari fram
- geta greint helstu minjar sem búast má við að finna í íslensku búsetulandslagi
- geta aflað heimilda um minjastaði
- vita hvernig staðið er að fornleifaskráningu
- geta gert sér grein fyrir gildi minjastaða

1. fyrirlestur:	Hvað eru fornleifar?
Fyrirlestur:	40 mín.
Efni:	Gerð verður grein hvernig fornleifar eru skilgreindar í íslenskum lögum, hvað eru friðlýstar fornleifar og hlutverki Fornleifaverndar ríkisins.
Umræður:	20 mín.
Umræðuefni:	Hvað veit almenningur um fornleifar og þau lög sem um þær gilda. Þarf að friðlýsa fleiri fornleifar? Hvernig umgöngumst við fornleifar?
Lesefni:	<i>Fornleifavernd ríkisins</i> , http://fornleifavernd.is/ <i>Þjóðminjalög</i> nr. 107/2001. http://www.althingi.is/lagas/136a/2001107.html
Ítarefni:	<i>Skrá um friðlýstar fornleifar</i> . http://www.fornleifavernd.is/files/8/20060404110211841.pdf

2. fyrirlestur:	Hvað er fornleifaskráning?
Fyrirlestur:	40 mín.
Efni:	Gerð verður grein fyrir hvað fornleifaskráning er, hvernig staðið er að henni og hvers vegna. Fornleifar og umhverfismat. Saga fornleifaskráningar á Íslandi stuttlega rakin.
Umræður:	20 mín.
Umræðuefni:	Er fornleifaskráning nauðsynleg? Hvernig getur fornleifaskráning aukið skilning okkar á landi og þjóð?
Lesefni:	Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson (1998). Fornleifaskráning - Brot úr íslenskri vísindasögu. <i>Archaeologia Islandica</i> , 1, bls. 14-44. <i>Fornleifaskráning. Skráningarstaðlar og leiðbeiningar</i>

	(2008). Fornleifavernd ríkisins. http://www.fornleifavernd.is/files/8/20080609105155104.pdf <i>Orðasafn í fornleifafræði</i> . http://instarch.is/instarch/ordasafn/
Ítarefni:	<i>Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823</i> (1983). Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar.

3. fyrirlestur:	Hvað er menningarlandslag?
Fyrirlestur:	40 mín.
Efni:	Rætt verður um muninn á manngerðu landslagi og náttúrulegu. Sýnd verða dæmi um hvernig maðurinn hefur sett mark sitt á umhverfið og gerð verður grein fyrir hugmyndafræði og aðferðum landsháttafornleifafræði.
Umræður:	20 mín.
Umræðuefni:	Hvað er landslag, hvernig skynjum við umhverfi okkar og út frá hvaða gildum leggjum við mat á landslag?
Lesefni:	Aldred, Oscar (2006). The Idea of Landscape in Icelandic Archaeology. <i>Archaeologia Islandica</i> , 5, bls. 9-26. Guðný Zoëga og Sigríður Sigurðardóttir (2008). <i>Lesið í landið. Vitnisburður búsetuminja</i> . http://www.skagafjordur.is/upload/files/Lesi%C3%B0%20%C3%AD%20landi%C3%B0.pdf
Ítarefni:	<i>Unlocking Hidden Heritage. Discovering the treasures in our cultural landscape</i> (2009). Gefin út af samstarfsaðilum Unlocking Hidden Heritage verkefnisins.

4. fyrirlestur:	Heimildaöflun
Fyrirlestur:	40 mín.
Efni:	Tíundaðar eru þær heimildir sem að gagni geta komið við fornleifaskráningu, bæði skriflegar heimildir, ljósmyndir, loftmyndir, kort og munnlegar heimildir. Rætt verður um nauðsyn þess að undirbúa skráningu á vettvangi vel með heimildavinnu og samstarf við heimildamenn.
Umræður:	20 mín.
Umræðuefni:	Hversu áreiðanlegar heimildir eru ævisögur og endurminningar? Samvinna við heimildamenn.
Lesefni:	Dæmi um endurminningu: Anna Vigfúsdóttir (1977). Hólmabæir syðri. <i>Godasteinn. Tímarit um menningarmál</i> , 16, 3-18. Kafli úr <i>Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. I. bindi</i> . Reykjavík: Sögufélagið. Örnefnaskrá frá Örnefnasafni Stofnunar Árna Magnússonar.

Ítarefni:	Byggðasögurit. Sýslu- og sóknalýsingar.
-----------	--

5. fyrirlestur:	Notkun korta og loftmynda
Fyrirlestur:	20 mín.
Efni:	Notkun korta og loftmynda við fornleifaskráningu verður tíunduð og sýnd dæmi um notagildi þeirra.
Verkleg æfing:	40 mín.
Verkefni:	Nemendur fá tilsögn við kortalestur og æfingu í að greina mannvistarleifar á loftmyndum.
Leseefni:	Lillesand, Thomas, M., Kiefer, Ralph, W, og Chipman, J. W. (2008). <i>Remote Sensing and Image Interpretation</i> . 6. útgáfa. New York: John Wiley & Sons.
Ítarefni:	Campbell, James B. (2007). <i>Introduction to remote sensing</i> . New York: Guildford Press.

6. fyrirlestur:	Skráning á vettvangi
Fyrirlestur:	40 mín.
Efni:	Rætt verður um eðli þeirra fornleifa sem reikna má með að skráningarmaður rekist á við vinnu sína og hvaða aðferðum er beitt við skráningu, m.a. staðsetningu minja og teikningu rústa. Gátlisti skrásetjara og skráningastaðlar.
Umræður:	20 mín.
Umræðuefni:	Á að skrá allt? Eru álagablettir og álfaklettar fornminjar?
Leseefni:	<i>Fornleifaskráning. Skráningarstaðlar og leiðbeiningar</i> (2008). Fornleifavernd ríkisins. http://www.fornleifavernd.is/files/8/20080609105155104.pdf
Ítarefni:	Fornleifaskráning – skýrslur.

7. fyrirlestur:	Úrvinnsla – hættu- og varðveislumat
Fyrirlestur:	40 mín.
Efni:	Greint verður frá góðum vinnubrögðum við frágang skriflegrar skýrslu, loftmynda, uppráttu og korta. Gerð verður grein fyrir helstu sjónarmiðum sem taka verður tillit til við mat á varðveislugildi og hættumat.
Umræður:	20 mín.
Umræðuefni:	Er hægt að setja verðmiða á fornminjar? Eru allar fornminjar í hættu?
Leseefni:	Dagný Arnarsdóttir (2009). Verð og virði menningarminja. <i>Hugsandi.is</i> , http://hugsandi.is/articles/verd-og-virdi-menningarminja-%e2%80%93-fyrri-hluti/ Fornleifaskráning – skýrslur. Til dæmis: Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga (2007). <i>Fornleifaskráning í Skagafirði: Stóragerði, Kolkuós, Brimnes, Bakki og</i>

	<p><i>Skarð. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 2007:62. Byggðasafn Skagfirðinga.</i></p> <p>Guðmundur St. Sigurðsson, Guðný Zoëga, Katrín Gunnarsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir (2005). <i>Sauða í Borgarsveit. Fornleifaskráning vegna aðalskipulags.</i> Byggðasafn Skagfirðinga.</p>
Ítarefni:	<p>Dagný Arnarsdóttir (2009). Hvers virði er hið fullkomna þjóðartákn? <i>Hugsandi.is</i>, http://hugsandi.is/articles/hvers-virdi-er-hid-fullkomna-thjodartakn/</p> <p>Fornleifaskráning – skýrslur.</p>

Fyrri vettvangsferð:	Lesið í landið
Undirbúningur:	Nemendur kynna sér heimildir um það svæði sem skoðað verður í vettvangsferð.
Lengd:	6 klst.
Lýsing:	Í vettvangsferð verður rýnt í búsetulandslag og velt fyrir sér hvaða fornleifar leynast þar undir sverði eða eru sýnilegar á yfirborðinu. Reynt verður að staðsetja þá minjastaði sem heimildir greina frá og koma auga á aðar fornminjar. Lögð verður áhersla á að bera kennsl á leifar torfhúsa, byggingarlag þeirra og reynt að átta sig á notkun þeirra og aldri.
Leseefni:	Heimildir um svæði sem skoðað verður í vettvangsferð.
Ítarefni:	Heimildir um svæði sem skoðað verður í vettvangsferð.

Seinni vettvangsferð:	Fornleifaskráning
Undirbúningur:	Nemendur kynna sér heimildir um þær fornminjar sem skráðar verða í vettvangsferð.
Lengd:	6 klst.
Lýsing:	Í vettvangsferð verða skráðar valdar fornleifar með viðurkenndum aðgerðum, sem kynntar hafa verið í námskeiðinu.
Leseefni:	Heimildir um þær fornminjar sem skráðar verða í vettvangsferð.
Ítarefni:	Fornleifaskráning – skýrslur. Heimildir um þær fornminjar sem skráðar verða í vettvangsferð.

Torfhleðsla

Lýsing:

Seinni hluti námskeiðsins hefst á tveimur fyrirlestrum þar sem gerð er grein fyrir sögu íslenska torfbæjarins, hvað torf er, eðli þess og hvernig þess er aflað. Síðan verður farið í skoðunarferð þar sem torfhús eru skoðuð og greind með hliðsjón af efni fyrirlestranna. Gert er ráð fyrir nemendur hafi kynnt sér tilgreint lesefni fyrir kennslustund og taki þátt í umræðum að fyrirlestri loknum.

Verklegi hluti námskeiðsins er fjórir heilir vinnudagar þar sem kennd verða vinnubrögð við torfskurð og torfhleðslu, viðhald og lagfæringar gamalla torfveggja. Nemendur kynnast fornum verkfærum, en læra jafnframt að beita verkfærum nútímans á þann hátt að það rýri ekki gæði handverksins, né breyti því. Námið krefst þess að nemendur tileinki sér viðhorf minjaverndar til viðfangsefna er lúta að varðveislu og viðhaldi. Ólíkt mörgum öðrum greinum hefur kennsla í fornu handverki það að markmiði að viðhalda sem mestu og breyta sem minnstu. Lögð verður áhersla á að nemendur tileinki sér það málfar og þær hefðir sem tilheyra því sem unnið er við.

Að þessum hluta námskeiðsins loknum á nemandi að

- þekkja hefðbundin vinnubrögð sem tengjast torfbyggingum, s.s. torfskurð, þurrkun, torf- og grjóthleðslu
- hafa þjálfun í torfhleðslu
- vera búinn að tileinka sér góðar vinnureglur við viðgerðir og umgengni fornra mannvirkja
- þekkja helstu hugtök og verkfæri
- þekkja helstu hleðslugerðir er tíðkast í torfhleðslu
- geta hlaðið og gengið frá torfvegg með klömbruhnaus og/eða streng
- hafa grunn til að geta aukið við þekkingu sína á fornu byggingarhandverki og viðhaldið verkkunnáttu sinni og öðlast þannig með tímanum færni og kunnáttu til að geta kennt öðrum.

1. fyrirlestur:	Íslenski torfbærinn
Fyrirlestur:	40 mín.
Efni:	Saga íslenska torfbæjarins verður rakin í máli og myndum, byggingatækni og húsaskipan.
Umræður:	20 mín.
Umræðuefni:	Hvernig er að búa í torfbæ?
Lesefni:	Guðmundur Ólafsson (2004). Frá skála til gangabæjar. Húsagerð á miðöldum. Í Árne Björnsson og Hrefna Róbertsdóttir (ritstjórar), <i>Hlutavelta tímans. Menningararfur á Þjóðminjasafni</i> , bls. 130-139. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands. Guðmundur Ólafsson og Hörður Ágústsson (2003). <i>Þjóðveldisbærinn og þróun íslenska torfbæjarins</i> . Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands og Landsvirkjun.

	Sigríður Sigurðardóttir (2007). <i>Þróun torfbæja – Glaumbær</i> . Smárit Byggðasafns Skagfirðinga I. 2. útgáfa. http://www.skagafjordur.is/upload/files/I-Þróun%20torfbæja(1).pdf
Ítarefni:	Hörður Ágústsson (1987). Íslenski torfbærinn. Í Frosti F. Jóhannsson (ritstjóri), <i>Íslensk Þjóðmenning I. Uppruni og umhverfi</i> , bls. 227-344. Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga. Hörður Ágústsson (2004). <i>Laufás við Eyjafjörð. Staðurinn</i> . Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag. Hallgerður Gísladóttir (2007). <i>Eldamennska í íslensku torfbæjunum</i> . Smárit Byggðasafns Skagfirðinga V. http://www.skagafjordur.is/upload/files/V%20Eldamennska%20i%20islensku%20torfbæjunum.pdf

2. fyrirlestur:	Torf og torfhleðsla
Fyrirlestur:	40 mín.
Efni:	Gerð verður grein fyrir hvers konar byggingarefni torf er, eðli þess, skurði og hvernig það er notað til bygginga. Verkfæri og hugtök tengd torfhleðslu kynnt.
Umræður:	20 mín.
Umræðuefni:	Torf og nútíminn.
Leseefni:	Sigríður Sigurðardóttir (2006). <i>Torf til bygginga</i> . Smárit Byggðasafns Skagfirðinga VII. http://www.skagafjordur.is/upload/files/c%20VII-Torf%20til%20bygginga.pdf
Ítarefni:	Anna Lía Rúnarsdóttir (2007). <i>Á tímum torfbæja. Híbýlahættir og efnismenning í íslenska torfbænum frá 1850</i> . Skýrslur Þjóðminjasafns Íslands 2007/1. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Vettvangsferð:	Byggingar úr torfi skoðaðar
Lengd:	8 klst.
Efni:	Skoðuð verða standandi hús úr torfi og byggingaaðferðir greindar.
Leseefni:	Heimildir um þau hús sem skoðuð verða í vettvangsferð.
Ítarefni:	Heimildir um þau hús sem skoðuð verða í vettvangsferð.

1. vinnudagur:	Verkfæri og torfskurður
Lengd:	8 klst.
Efni:	Kynnt verða þau verkfæri sem notuð eru við torfskurð og hleðslu, meðferð þeirra og viðhald kennt. Mismunandi torfskurður kenndur, torfstunga og þurrkun.

2. vinnudagur:	Grjóthleðsla og efnisöflun
Lengd:	8 klst.
Efni:	Bent verður á atriði sem hafa þarf í huga við grjótnám eftir því til hvers nota á grjótið (undirstöðusteinar, kampsteinar, hellubrot). Flutningur á grjóti og grjóthleðsla. Undirstöður grjóthleðslu, garður hlaðinn.

3. vinnudagur:	Torfhleðsla
Lengd:	8 klst.
Efni:	Strengir og torfur, klambra, hnausar, strenghleðsla, að jafna hleðslu, skera utan af, moldarfylling (að molda, mylda), kamphleðsla, hleðsla horna, flái á veggjum og gafli, hliðarvegur, gafiveggur, gafhlað.

4. vinnudagur:	Ending og endurbætur
Lengd:	8 klst.
Efni:	Ending og endurbætur torfveggja (þegar veggurinn gúlpar, kastar sér, er skotóttur, snaraður eða moldrunninn). Kennt verður að gilda upp vegg.

Lokafundur:	Samantekt og mat
Fyrirlestur:	20 mín.
Efni:	Efni námskeiðsins tekið saman og fornleifaskráning nemenda afhent yfirfarin.
Umræður:	40 mín.
Umræðuefni:	Rætt verður um hvernig til tókst í námskeiðinu og verkefni afhent.

Nauðsynleg aðstaða og tækjabúnaður:

- Kennslustofa með tölvu og myndvarpa
- Bifreiðar til notkunar í vettvangsferðum
- Tæki og tól vegna fornleifaskráningar á vettvangi: Myndavél, GPS-tæki, málbönd, skrifbretti og pappír, ritföng o.fl.
- Aðstaða til torftöku
- Vettvangur til verklegar kennslu
- Verkfæri til torfvinnu: Stunguskófla, malarskófla, torfljár, grasljár, hnallur, sög, sleggja, hamar, o.fl.

Gera þarf ráð fyrir kostnaði við kennslu, kennsluáðstöðu, vettvangs- og skoðunarferðir, torftöku, verkfæri og tæki við fornleifaskráningu. Alls er um að ræða kennslu í 62 klst. Í vettvangsferðum og við verklega kennslu er æskilegt að tveir kennarar sinni kennslunni. Auk þess þarf kennari að fara yfir verkefni sem nemendur skila. Því má reikna með að greiða þurfi fyrir a.m.k. 120 vinnustundir, en það ræðst að sjálfsögðu af fjölda nemenda.

Torfskurður og -hleðsla er hvorki auðvelt né þrifalegt starf. Því er nauðsynlegt að nemendur séu undir það búnir að taka svolítið á og hafi hlífðarfatnað sem þolir óhreinindi og er hlýr. Einnig er að mikilvægt að skór séu góðir með þykkum sóla.

Tillögur að lesefni:

Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson (1998). Fornleifaskráning - Brot úr íslenski vísindasögu. *Archaeologia Islandica*, 1, bls. 14-44.

Aldred, Oscar (2006). The Idea of Landscape in Icelandic Archaeology. *Archaeologia Islandica*, 5, bls. 9-26.

Anna Lisa Rúnarsdóttir (2007). *Á tímum torfbæja. Hibýlahættir og efnismenning í íslenska torfbænum frá 1850*. Skýrslur Þjóðminjasafns Íslands 2007/1. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Anna Vigfúsdóttir (1977). Hólmabæir syðri. *Goðasteinn. Tímarit um menningarmál*, 16, 3-18.

Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga (2007). *Fornleifaskráning í Skagafirði: Stóragerði, Kolkuós, Brimnes, Bakki og Skarð*. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 2007:62. Byggðasafn Skagfirðinga.

Campbell, James B. (2007). *Introduction to remote sensing*. New York: Guildford Press.

Dagný Arnarsdóttir (2009). Hvers virði er hið fullkomna þjóðartákn? *Hugsandi.is*, <http://hugsandi.is/articles/hvers-virdi-er-hid-fullkomna-thjodartakn/>

Dagný Arnarsdóttir (2009). Verð og virði menningarminja. *Hugsandi.is*, <http://hugsandi.is/articles/verd-og-virdi-menningarminja-%e2%80%93-fyrri-hluti/>

Fornleifaskráning. Skráningarstaðlar og leiðbeiningar (2008). Fornleifavernd ríkisins. <http://www.fornleifavernd.is/files/8/20080609105155104.pdf>

Fornleifavernd ríkisins. <http://fornleifavernd.is/>.

Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823 (1983). Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar.

Guðmundur Ólafsson (2004). Frá skála til gangabæjar. Húsagerð á miðöldum. Í Árni Björnsson og Hrefna Róbertsdóttir (ritstjórar), *Hlutavelta tímans. Menningararfur á Þjóðminjasafni*, bls. 130-139. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Guðmundur Ólafsson og Hörður Ágústsson (2003). *Þjóðveldisbærinn og þróun íslenska torfbæjarins*. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands og Landsvirkjun.

Guðmundur St. Sigurðsson, Guðný Zoëga, Katrín Gunnarsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir (2005). *Sauðá í Borgarsveit. Fornleifaskráning vegna aðalskipulags*. Byggðasafn Skagfirðinga.

Guðný Zoëga og Sigríður Sigurðardóttir (2008). *Lesið í landið. Vitnisburður búsetuminja*. <http://www.skagafjordur.is/upload/files/Lesi%C3%B0%20%C3%AD%20landi%C3%B0.pdf>.

Hallgerður Gísladóttir (2007). *Eldamennska í íslensku torfbæjunum*. Smárit Byggðasafns Skagfirðinga V. <http://www.skagafjordur.is/upload/files/V%20Eldamennska%20i%20islensku%20torfbajunum.pdf>.

- Hörður Ágústsson (1987). Íslenski torfbærinn. Í Frosti F. Jóhannsson (ritstjóri), *Íslensk þjóðmenning I. Uppruni og umhverfi*, bls. 227-344. Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga.
- Hörður Ágústsson (2004). *Laufás við Eyjafjörð. Staðurinn*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Reykjavík: Sögufélagið.
- Lillesand, Thomas, M., Kiefer, Ralph, W, og Chipman, J. W. (2008). *Remote Sensing and Image Interpretation*. 6. útgáfa. New York: John Wiley & Sons.
- Orðasafn í fornleifafræði*. <http://instarch.is/instarch/ordasafn/>.
- Sigríður Sigurðardóttir (2006). *Torf til bygginga*. Smárit Byggðasafn Skagfirðinga VII. <http://www.skagafjordur.is/upload/files/c%20VII-Torf%20til%20bygginga.pdf>.
- Sigríður Sigurðardóttir (2007). *Þróun torfbæja – Glaumbær*. Smárit Byggðasafns Skagfirðinga I. 2. útgáfa. [http://www.skagafjordur.is/upload/files/I-Þróun%20torfbæja\(1\).pdf](http://www.skagafjordur.is/upload/files/I-Þróun%20torfbæja(1).pdf).
- Skrá um friðlýstar fornleifar*. <http://www.fornleifavernd.is/files/8/20060404110211841.pdf>.
- Sýslu- og sóknalýsingar*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Unlocking Hidden Heritage. Discovering the treasures in our cultural landscape* (2009). Gefin út af samstarfsaðilum Unlocking Hidden Heritage verkefnisins.
- Þjóðminjalög* nr. 107/2001. <http://www.althingi.is/lagas/136a/2001107.html>.
- Örnefnaskrár*. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar.

4. júní 2009/GV